

*Alþingi
Erindi nr. P 128/1465
komudagur 4.3.2003*

**Til Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**

Reykjavík, 28. febrúar 2003

Landssamband eldri borgara hefur fengið til umsagnar þingsályktunartillögu á þskj. 51, um könnun á umfangi fátæktar.

Það er vitað að þegar liggja allvíða upplýsingar um að fátækt hafi farið vaxandi á Íslandi á undanförunum árum.

Fulltrúar Landssambands eldri borgara hafa í viðræðum sínum við stjórnvöld á undanförunum misserum ítrekað bent á leiðir til að sporna við þessari öfug þróun.

Fulltrúar sambandsins hafa einnig nú á undanförunum vikum tekið þátt í vinnu fjölmargra aðila undir forystu Alþýðusambands Íslands í þeim tilgangi að kanna málið og gera tillögur gagnvart stjórnvöldum til úrbóta.

Það fer því mjög vel saman að Alþingi feli félagsmálaráðherra að láta fara fram umrædda úttekt og koma í framkvæmd tillögum til úrbóta.

Landssamband eldri borga hvetur því eindregið til að þingsályktunartillaga á þskj. 51 verði samþykkt á Alþingi.

F.h. Landssambands eldri borgara



Benedikt Davíðsson